

Nd.

218. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Björn Kristjánsson.

18. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við hreppavegi greiðist úr sveitarsjóði, en í hann skal árlega greiða gjald fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Er hreppsnefnd heimilt að ákveða gjaldið fyrir eitt ár í senn, allt að því jafnhátt eins dags vegavinnukaupi, eins og það er reiknað í hreppnum við opinbera vegavinnu það ár.

Greinargerð.

Þetta frv. er flutt samkvæmt beiðni hreppsnefndaroddivitans í Öxarfjarðarhreppi, og fylgdi frá honum svo hljóðandi greinargerð:

„Þegar lög um hreppavegagjald voru sett, var ákveðið, að hver verkfær karlmaður skyldi vinna einn dag kauplaust að endurbótum á hreppavegum. Síðar var þessari vinnukvöð breytt í árgjald, er þá var metið 2 kr., sem mun hafa verið almennt dagkaup í vorvinnu á þeim tíma. Um 1924 var vegalögunum breytt á þá leið, að hreppsnefndum var heimilað að hækka hreppsvegagjaldið í 5 kr., sem þá var orðið almennt dagkaup fyrir vegavinnu í sveitum. Síðan hefur ekki orðið breyting á þessu ákvæði, þó kaupgjald í vegavinnu hafi meira en tólfaldast, síðan það var sett.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hverjum sveitabónda er það lífsnauðsyn að fá sem fyrst bílfæran akveg heim til sín. En með 2—5 króna hreppavegagjaldi fyrir hvern verkfæran mann vinnst það seint, þar sem hreppavegir eru langir og torsóttir, en útsvör yfirleitt ekki það vinsæl, að hreppsnefndir sjái sér fært að taka með þeim árlega stórar fúlgur til vegagerða.“